
F U N D A R G E R Ð

Fundur: 95. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími: Föstudagur 20. nóvember 2010, kl. 09:00-11:00
Fundarstaður: Landsnet, Gylfaflöt 9
Fundarefni: 1) Staða skráningar.
2) Stuðlar ársins 2008 og skýrsla um stuðla.
3) Kostnaður vegna skorts 2007-2010 og skýrsla. Stóriðja.
4) Vefútgáfa skráningarkerfisins.
5) Áætlun ársins 2010.
6) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START:

Ragnar Stefánsson
Rúnar Svavar Svavarsson
Ragnar Emilsson
Ívar Þorsteinsson
Egill Sigmundsson
Kjartan Rolf Árnason
Jón Vilhjálmsson
Gunnar Haukur Gunnarsson
Sigfús Guðlaugsson

Efla:

Fjarverandi:

- 1) RSS sagði að skráningin hefði gengið ágætlega hjá Orkuveitu Reykjavíkur á árinu. Gögnin yrði væntanlega tilbúin að réttum tíma eftir áramótin. ES sagði að skráningin gengi betur en í fyrra hjá HS Veitum. Þegar truflanir eiga sér stað er atvikið skrá í DM kerfi sem ætti að tryggja að allar truflanir séu skráðar. KRÁ sagði að skráningin gengi ágætlega hjá Rarik en truflanir væru skráðar í skorpum. RE sagði að skráningin gengi vel hjá Orkubúi Vestfjarða en alltaf væri viss tiltekt í janúar. RS sagði að skráningin gengi með eðlilegum hætti hjá Landsneti.
- 2) JV fór yfir uppkast að skýrslu um stuðla síðasta árs og sagðist hafa bætt við tveimur köflum, annars vegar um stuðla vegna truflana í öðru kerfi og hins vegar heildarstuðla bæði vegna truflana í kerfi veitu og vegna truflana í öðru kerfi. ÍP sagðist hafa kallað eftir þessu til að sjá heildaráhrifin hjá notendum. Ekki er greint á milli þétt- og dreifbýlis hjá Rarik varðandi stuðla vegna truflana í öðru kerfi og var ekki talin þörf á því. JV sagðist einungis hafa tekið árið 2008 en hægt væri að fara lengra aftur. Nokkur umræða var um það og var ákveðið að Orkustofnun mundi biðja

um úrvinnslu lengra aftur ef hún teldi þörf á því og yrði það þá unnið á hennar kostnað. Samþykkt var að ganga frá skýrslunni.

Íþ benti á að Orkustofnun hefði sett fram tillögu um breytingu á raforkulögum þannig að greiða þyrfti notendum fyrir langar truflanir svipað og gert er í Svíþjóð.

KRÁ benti á að víða erlendis væru truflanir sem vara skemur en 3 mínútur greindar frá öðrum truflunum og spurning væri hvort ekki ætti að gera slíkt hið sama hér. Ákveðið var að skoða á næsta ári hvort hvort breyta ætti úrvinnslu í skýrslunni á þennan veg. JV var falið að senda hópnum upplýsingar um fjölda truflana sem eru innan við 3 mínútur á síðasta ári.

- 3) JV fór yfir uppkast að skýrslu um kostnað vegna raforkuskorts og sagðist hafa sent stóriðjufyrirtækjunum beiðni um að aðstoða við að endurmeta þeirra kostnað vegna raforkuskorts. RioTinto Alcan og Elkem svöruðu og voru tilbúinn til þess en engin svör hafa fengist frá Norðuráli og Fjarðaáli. Hann sagðist hafa sent fyrrnefndu fyrirtækjunum skýrsluna og beðið þau um að fara yfir tölurnar en ekkert hefur ennþá komið frá þeim. Ef ekki koma svör fljótlega frá fyrirtækjunum var ákveðið að ganga frá skýrslu þessa árs og breytingar varðandi stóriðjuna verða þá teknar inn í skýrslu næsta árs. KRÁ spurði hverjir væru að nota þessa skýrslu. Íþ sagði að Orkustofnun hefði notað hana við mat á framkvæmdum Landsnets. JV sagði að Landsnet hafi notað skýrsluna.
- 4) JV sagði að engar fyrirspurnir hafi borist frá veitunum varðandi vefútgáfu skráningarkerfisins og hvatti hann menn til að skoða hana. Ef beiðnir kæmu um slíkt mundi hann setja upp notendur fyrir viðkomandi veitu í prófunargrunni hjá sér til að menn gætu prófaða kerfið með eigin gögnum. Slíkur notandi hefur verið settur upp fyrir Orkubú Vestfjarða. RE taldi að heppilegt væri að setja kerfið upp hjá þeim í mars þegar lokið væri frágangi truflana ársins 2009.
- 5) Farið var yfir áætlun fyrir næsta ár sem er svipuð og sú fyrir þetta ár. Hann sagði að vinna þessa árs stefndi í að vera verulega undir áætlun mest vegna minni vinnu við skráningarkerfið en ráð var fyrir gert enda hefur vefkerfið ekki farið í notkun og því hefur ekki verið unnið við að setja upp skýrslur sem gera átti eftir að kerfið væri komið í notkun. Lagfæringar á kerfinu hafa einnig af þessum sökum verið minni en ráð var fyrir gert. Þessi vinna færir því yfir á næsta ár. RS ætlar að athuga hvort miða eigi við 2 Mkr varðandi sérgreind verkefni sem tilheyra Landsneti en það er í samræmi við tölu þessa árs og var þar miðað við að um helmingur færi í tengd verkefni sem þó kæmu ekki fram í áætlun START hópsins. Fundarmenn ætla að koma með athugasemdir við áætlun fyrir lok næstu viku.

- 6) Rætt var um aðra gæðabætti en áreiðanleika afhendingar. RSS og ES sögðu að það væri óþægilegt fyrir dreifiveiturnar að þurfa að sjá um mælingar, úrvinnslu svo og upplýsingagjöf þegar kvartanir koma út af „óþægindum/hættu“ vegna rafsegulssviðs. Það væri heppilegra ef hægt væri að vísa fólki á óháðan aðili sem sæi um upplýsingagjöf/ráðgjöf um þennan málaflokk svo sem Orkustofnun. Stofnunin væri með upplýsingar á heimasíðu sinni um áhrif segulssviðs á heilsu manna og músa svo sem tengla og útgefið efni.

ÍP sagði að það væri ennþá í skoðun hvernig meðhöndla ætti langar truflanir þar sem um væri að ræða mjög litla notkun, t.d. á afhendingu til sumarbústaðs sem væru ekki í notkun. Menn væru sammála um að slíkt ætti ekki að flokkast sem umfangsmikil truflun en eftir væri að skilgreina þetta betur.

KRÁ benti á að setja inn fleiri Tengla á heimasíðu START hópsins t.d. á CEER auk þess sem breyta þyrfti Nordel tenglinum.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ekki ákveðinn.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinnt:

- Stuðlar um afhendingu raforku. Árin 1999-2008
- Kostnaður vegna raforkuskorts. Töflur til notkunar árin 2009 og 2010. Drög 1
- Vinna fyrir starfshóp um rekstrartruflanir 2010. Verkefnishandbók. Drög 1

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
ÍP	Skilgreining á langri rekstraruflun sem senda þarf Orkustofnun skýrslu um.
JV	Taka saman fjölda truflana sem eru innan við 3 mínútur 2008.
JV	Lagfæra heimasíðu START.